

Ytra mat grunnskóla

Naustaskóli

október 2018

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Akureyrarbæ

Höfundar: Svanfríður Jónasdóttir og Þórdís Hauksdóttir

© Menntamálastofnun, 2018

978-9979-0-2311-1

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Samantekt niðurstaðna | 4 |
| Skólaprófill..... | 7 |
| Upplýsingar um Naustaskóla á Akureyri..... | 8 |
| Niðurstöður | 9 |
| Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta | 9 |
| 1.1 Faglegt samstarf og samræða | 9 |
| 1.2 Samvirkni í stefnumótun | 9 |
| 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu | 10 |
| 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga | 10 |
| 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir..... | 10 |
| 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting..... | 11 |
| 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna | 11 |
| Þáttur 2 – Nám og kennsla | 13 |
| 2.1 Inntak og námskrá | 13 |
| 2.2. Árangur náms | 13 |
| 2.3 Gæði kennslu | 17 |
| 2.4 Skipulag náms..... | 18 |
| 2.5 Námsvitund | 19 |
| 2.6 Ábyrgð og þátttaka | 19 |
| Þáttur 3 – Innra mat | 13 |
| 3.1 Skipulag..... | 21 |
| 3.2 Framkvæmd..... | 21 |
| 3.3 Umbætur | 21 |

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Naustaskóla á Akureyri sem fór fram á haustönn 2018. Teknir voru fyrir þrjú matsþætti. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram annars staðar í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Í starfsáætlun liggur fyrir fundaáætlun alls starfsfólks og í grófum dráttum hver verða viðfangsefni, oft með viðmiðum í umbótaáætlun skólans.
- Starfsmenn skólans vinna í teyllum og fer ígrundun og fagleg samræða um starfshætti fram á vikulegum teymisfundum.
- Stjórnendur sitja teymisfundum.
- Svigrúm er gefið fyrir nefndarstörf þar sem ýmis umbótamál eru rædd og haldnar eru fundargerðir sem eru aðgengilegar öðru starfsfólki.
- Upplýsingum um skólastarfið er m.a. miðlað með mánaðarlegu fréttabréfi þar sem skólasamfélagið er ávarpað.
- Samkvæmt könnun Skólapúlsins eru foreldrar ánægðir með líðan barna sinna í skólanum.
- Nýjum kennurum finnst mikinn stuðningur af því að vinna í teyllum með sér reyndari kennurum.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur þurfa að halda sérstöðu skólans betur á lofti þar sem starfið og aðstæður eru í mörgu frábrugðnar því sem hefðbundið er og geta því valdið óöryggi og misskilningi.
- Það er áskorun fyrir skólann að vinna áfram að því að skólinn verði miðstöð í hverfinu.
- Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins virðast foreldrar ekki fyllilega ánægðir með stjórn skólans og hafa áhyggjur af agamálum.
- Skólaráð haldi einn opinn fund á skólaári fyrir skólasamfélagið.
- Halda þyrfti betur utan um form bekkjarfunda og til hvers þeir eru notaðir.
- Til að veita haldbetri endurgjöf á störf kennara þyrftu stjórnendur að fylgjast markvissar með kennslu á vettvangi.
- Gæta þarf þess að kennarar hafi tíma til að bera ábyrgð á verkefnum.

Nám og kennsla

Styrkleikar

- Starfsmenn starfa allir í teyllum og lögð er áhersla á að teymin starfi saman að verkefnum og deili ábyrgð.
- Nemendum er almennt kennt í aldursblönduðum hópum til að leggja áherslu á að allir eru einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stað í námi.
- Námsvísar eru aðgengilegir nemendum og foreldrum í Mentor og Google classroom og á opnum vef skólans.
- Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer fram innan námsumhverfis nemenda á almennum kennslusvæðum.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Góð námsaðstaða er í skólahúsnæðinu.
- Vendikennsla er blandað saman við almenna kennslu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Námsaðlögun þyrfti að koma betur fram í námsvísunum.
- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Skipuleggja þarf betur tíma milli íþróttakennslu/sunds og annarra kennslustunda svo tími nemenda nýtist betur.
- Skólinn gæti nýtt betur samþættingu námsgreina á öllum skólastigum til nýsköpunar í kennsluháttum og styður stefna skólans um opin rými við þau tækifæri.
- Tækifæri eru til markvissrar þjálfunar á samvinnu nemenda.
- Nemendasamtöl, þar sem kennari ræðir við nemendur um nám og líðan þyrftu að vera regluleg.
- Huga þarf betur að nemendum sem hafa tilhneigingu til að draga sig út úr hópnum.
- Leggja þarf meiri áherslu á stundvísi nemenda.

Innra mat

Styrkleikar

- Litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan og sjálfsagðan þátt í skólastarfinu.
- Kennarar og starfsfólk skólans vinnur í teyllum þar sem reglulega fer fram samtal um viðfangsefni.
- Umbótatillögur eru birtar í starfsáætlun þar sem skráð er hver ber ábyrgð á því að hrinda þeim í framkvæmd, hvenær það á að gerast, hvernig og með þátttöku hverra.
- Í ársskýrslu, sem birt er á heimasíðu skólans, er að finna úttektir allra teyma og yfirferð yfir starfið á skólaárinu og hvernig til hefur tekist miðað við stefnu skólans.
- Greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans, í starfsáætlunum og ársskýrslum.
- Símenntunaráætlun byggir á áherslum úr mati og á áherslum skólans.

Tækifæri til umbóta

- Mat á kennslu og fagmennsku kennara þyrfti að vera reglulegt svo sem með mati skólastjóra á kennslu og jafningjamati kennara.
- Þegar niðurstöður mats liggja fyrir þyrftu að eiga sér stað samræður á milli hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Næsta skref í þróun innra mats ætti að vera myndun teymis með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra sem bæru ábyrgð á innra mati ásamt stjórnendum þannig að allir hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.
- Eftirfylgd með umbótatillögum mætti vera meiri.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahtutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

| Stjórnun og fagleg forysta | | Nám og kennsla | | Innra mat |
|---|---|-------------------|--------------------|-----------|
| Faglegt samstarf og samræða | Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir | Inntak og námskrá | Skipulag náms | Skipulag |
| Samvirkni í stefnumótun | Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting | Árangur náms | Námsvitund | Framkvæmd |
| Tengsl við foreldra og aðra í - samfélaginu | Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsmanna | Gæði kennslu | Ábyrgð og þátttaka | Umbætur |
| Umbætur og innleiðing breytinga | | | | |

| Heildarstig undirkafla | Litur | Lýsing á starfi |
|------------------------|---------------|--|
| 3,6 – 4 | grænt | Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir. |
| 2,6 – 3,5 | Grænt og gult | Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar. |
| 1,6 – 2,5 | gult | Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar. |
| 1,0 – 1,5 | rautt | Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf umbótum í flestum eða öllum þáttum. |

Upplýsingar um Naustaskóla á Akureyri

Naustaskóli hóf starfsemi haustið 2009. Skólinn er staðsettur í Naustahverfi á Akureyri, við hlið leikskólans Naustatjarnar sem var fyrsta húsið sem reis í Naustahverfi og tók til starfa haustið 2003. Á fyrsta starfsári skólans voru nemendur um 150 í 1.-7. bekk. Fyrstu starfsárin bættist árlega við einn árgangur eða um 50 nemendur á ári. Leikskólinn Naustatjörn nýtir hluta húsnæðis Naustaskóla.

Stefna skólans er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, en áherslur skólans og leiðarljós eru: *Námsaðlögun, Athvarf, Umhyggja og virðing, Samvinna, Táp og fjör og Allir með.* Saman mynda upphafsstafirnir orðið NAUSTA.

Á haustönn 2018 er 401 nemandi í skólanum. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum er sem hér segir:

| Bekkur | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | 10. |
|----------------------|----|-----------------|----|-----------------|----|------------------|----|----------------------|----|-----|
| Fjöldi nemenda | 40 | 36 | 40 | 43 | 43 | 50 | 44 | 34 | 28 | 43 |
| Fjöldi bekkjardeilda | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 |
| Samkennsluhópar eru | | 2. og 3. bekkur | | 4. og 5. bekkur | | 6. og 7. bekkur. | | 8., 9. og 10. bekkur | | |

29 nemendur í skólanum eru af erlendum uppruna. Nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og nemendur með skilgreinda sérkennslu eftir bekkjum eru:

| Bekkur | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | 10. |
|--------------------------------|----|----|----|----|----|----|----|----|----|-----|
| Íslenska sem annað tungumál | 5 | 3 | 2 | 5 | 1 | 4 | 5 | 3 | 1 | 1 |
| Einstaklingsnámskrá | 5 | 1 | 1 | 2 | 1 | 2 | 3 | | | |
| Sérkennsla og aðlagað námsefni | 5 | 2 | 1 | 4 | 1 | 4 | 3 | 2 | 1 | 1 |

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

| Bekkur | 1. | 2. | 3. | 4. | 5. | 6. | 7. | 8. | 9. | 10. |
|--------------|----|----|----|----|----|----|----|----|----|-----|
| Fjöldi kest. | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 4 | 4 | 5 | 5 | 5 |

Enginn nemandi stundar nám á öðru skólastigi.

Starfsmenn eru alls 79. Það eru stjórnendur, annað starfsfólk og sérfræðingar. Stöðugildi kennara eru 30 og stuðningsfulltrúa 7,95. Stöðugildi stjórnenda eru 2,94, námsráðgjafi er í 0,65% stöðu og eitt starf er í bókasafni. Önnur stöf eru samtals 15,30 stöðugildi.

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

| | | | | | | |
|-----------------------------|-------------------------|---|---------------------------------|---------------------------------------|---------------------------------------|--|
| Faglegt samstarf og samræða | Samvirkni í stefnumótun | Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu | Umbætur og innleiðing breytinga | Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir | Starfsmanna stjórnun og verkaskipting | Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna |
|-----------------------------|-------------------------|---|---------------------------------|---------------------------------------|---------------------------------------|--|

1.1 Faglegt samstarf og samræða

Stefna skólans er sett fram sem leiðarljós fyrir skólastarfið, þ.e. hvert hlutverk skólans er, hvaða framtíðarsýn skólinn hefur og hvaða markmið á að hafa í huga með starfinu. Stefnan var mótuð í samvinnu við fulltrúa foreldra í upphafi skólastarfsins, á grunni undirbúningsvinnu sem fram fór fyrir stofnun skólans. Starfsmenn skólans vinna í teyllum og fer ígrundun og fagleg samræða um starfshætti fram á vikulegum teymisfundum. Stjórnendur sitja reglulega teymisfundi, vikulega með kennurum og einu sinni til tvisvar í mánuði með öðrum teyllum. Hálfsmánaðarlega eru fundir fyrir nefndarstörf þar sem ýmis umbótamál eru rædd. Haldnar eru fundargerðir sem eru aðgengilegar öðru starfsfólki.

Endurmenntun starfsmanna fer fram í samræmi við endurmenntunarstefnu skólans með það að markmiði að allir starfsmenn hafi yfir að ráða haldgóðri þekkingu á þeim þáttum sem snerta þeirra störf, í samræmi við yfirlýsta stefnu skólans. Stefnt er að því að starfsmenn bæti sífellt við þekkingu sína og færni og bæti sig þannig í starfi, enda séu þeim sköpuð tækifæri til þess, eins og segir í starfsáætlun skólans. Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að lítið er á starfsmannahópinum sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.

1.2 Samvirkni í stefnumótun

Heimasíða skólans er til fyrirmyndar. Hún er yfirgripsmikil og geymir mikið magn margvíslegra upplýsinga, en auk skólanámsskrár og starfsáætlunar er þar t.d. að finna ársskýrslur skólans, niðurstöður kannana Skólapúlsins og niðurstöður samræmdra könnunarprófa. Sérstaða skólans er þekkt, en skólinn er hannaður og byggður sem „opinn skóli“. Sú hugmyndafræði sem stuðst var við við hönnun skólans felst í því „að hugsa nútímalega og til framtíðar og vera óhræddur við að brjóta aldagamlar hefðir. Lögð er áhersla á að tengja skólastarf nemenda við það sem er að gerast hjá fjölskyldum þeirra, atvinnulífi og samfélagi, taka mið af möguleikum upplýsingatækninnar, beita markmiðssetningu í skólastarfi og líta á skólagöngu sem lið í símenntun einstaklinga sem stendur alla ævi.“¹

Í stefnu skólans er lögð áhersla á aldursblöndun nemenda, námsaðlögun og teymiskennslu. Samkvæmt niðurstöðum úr foreldrakönnun Skólapúls telja foreldrar sig vera vel upplýsta um stefnu skólans og námskrá. Eigi að síður þurfa stjórnendur að halda sérstöðu skólans betur á lofti þar sem starfið og aðstæður eru í mörgu frábrugðnar því sem hefðbundið er og geta því valdið óöryggi og misskilningi. Í áætlunum um nám og kennslu er gerð grein fyrir því hvernig unnið er með stefnu skólans.

¹ Gerður G. Óskarsdóttir. 2001. Lýsing á undirbúningsferli hönnunar frá hinu almenna til hins sérstæða. Design Down Process.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Naustahverfi hefur byggst hratt upp á undanförunum árum eins og fram kemur þegar horft er til örrar fjölgunar nemenda skólans. Svo örri fjölgun fylgir félagslegur óstöðugleiki og grenndarsamfélagið litast af þeim aðstæðum. Naustahverfi er fyrst og fremst íbúðahverfi og býður ekki upp á mikla fjölbreytni í samvinnu, en frá upphafi hefur það verið stefna skólans að vera e.k. miðstöð í hverfinu og er enn unnið að því að festa þá tilhögun í sessi. Félagsmiðstöð nemenda hefur aðstöðu í skólanum. Foreldrafélag er starfandi við skólann og eru upplýsingar um starfsemi þess, m.a. fundargerðir, birtar á heimasíðu skólans. Upplýsingum um skólastarfið er meðal annars miðlað með mánaðarlegu fréttabréfi stjórnenda þar sem skólasamfélagið er ávarpað. Auk hefðbundinna samskipta foreldra við umsjónarkennara eru morgunfundir með foreldrum snemma í september þar sem starfið er kynnt, skólafærninámskeið er haldið fyrir foreldra yngstu barnanna og stjórnendur bjóða reglulega í morgunkaffi og óformlegt spjall.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Í ársskýrslu, sem birt er á heimasíðu skólans, er að finna úttektir eða ársskýrslur allra teyma, yfirferð yfir starfið á skólaárinu og hvernig til hefur tekist miðað við stefnu skólans. Í lokin er samantekt og mat á því hvernig talið er að til hafi tekist við framkvæmd umbóta á liðnu skólaári og tillögur sem fara inn í starfsáætlun næsta skólaárs sem viðfangsefni til úrbóta. Auk mats teyma á stöðu starfsins miðað við stefnu skólans er stuðst við ýmis gögn sem safnað er allan veturinn. Áætlanir skólans um umbætur og þróunarstarf byggja þannig á virku innra mati og gögnum um árangur skólastarfsins. Stjórnendur sitja teymisfundi og fundargerðir eru haldnar í þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni. Gefinn er tími til nefndavinnu og í símenntunaráætlun skólans er þess gætt að skráð sé og gert ráð fyrir þeirri starfsþróun sem umbótaverkefnið krefst.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Á fundi með foreldrum kom fram ánægja með heimasíðu skólans en jafnframt að foreldrar gætu haft af henni meira gagn og mættu vera duglegri að nýta sér hana. Þessi ánægja er í samræmi við það álit foreldra sem fram kemur í könnun Skólapúls. Einnig kemur fram í foreldrakönnun Skólapúls að foreldrar eru ánægðir með það hve vel skólinn mætir þörfum nemenda og að mati foreldra er líðan nemenda í kennslustundum marktækt yfir landsmeðaltali.

Í niðurstöðum Skólapúls varðandi ánægju foreldra með stjórnun skólans kemur fram að hún er aðeins undir landsmeðaltali. Í sömu könnun kemur einnig fram að foreldrum þykir agi í skólanum ekki nægjanlegur, en mat foreldra á því hvort agi sé hæfilegur í skólanum sýnir niðurstöðu marktækt undir landsmeðaltali.

Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt og stjórnendur sjá um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virki. Skólinn vinnur með uppeldisstefnuna *Jákvæður agi* sem kennir félagsfærni og lífsleikni. Nemendur læra m.a. að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á bekkjarfundum sem eru reglulega. Halda þyrfti betur utan um form bekkjarfunda og skoða til hvers þeir eru notaðir, en á fundum með nemendum kom fram að það er afar mismunandi og virtist sem þeir væru ekki nógu markvissir.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur leggja áherslu á jákvæð samskipti og að gagnkvæmt traust ríki meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Þeir funda reglulega og miðla upplýsingum sín í milli og verkaskipting þeirra er skráð og öllum ljós. Þeir leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu. Stjórnendur sitja teymisfundi og fylgjast þannig með skólafarfinu en til að veita haldbetri endurgjöf á starfið þyrftu þeir að fylgjast markvissar með vinnu kennara á vettvangi.

Starfsþróunarsamtöl eru haldin reglulega, starfsmenn fá hrós þegar við á og starfsmannahandbók inniheldur hagnýtar upplýsingar. Þá kom fram að nýjum kennurum finnst mikill stuðningur af því að vinna í teyllum með sér reyndari kennurum.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum og hvetur til starfsþróunar. Í starfsáætlun liggur fyrir hvenær fundað er og í mörgum tilfellum hver verða viðfangsefni fundanna og er m.a. gert ráð fyrir reglulegum fræðslufundum með efni í samræmi við endurmenntunaráætlun. Stjórnendur þurfa einnig að gæta að eigin starfsþróun. Haldnar eru fundargerðir nefnda svo allir geti verið upplýsir um þau verkefni sem unnið er að. Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafa möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Kennarar nefndu þó dæmi þess að þeir hefðu ekki tíma til að bera ábyrgð á verkefnum og þyrfti að bæta skipulag þess. Starfsfólk fær hvatningu til að sækja sér handleiðslu og skilningur er á mikilvægi þess að hugað sé að heilsu og veitt svigrúm til þess.

Styrkleikar

- Starfsmenn skólans vinna í teyllum og fer ígrundun og fagleg samræða um starfshætti fram á vikulegum teymisfundum.
- Stjórnendur sitja teymisfundi.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Svigrúm er gefið fyrir nefndarstörf þar sem ýmis umbótamál eru rædd og haldnar eru fundargerðir sem eru aðgengilegar öðru starfsfólki.
- Áhersla er á aldursblöndun nemenda, námsaðlögun og teymiskennslu í skólafarfinu.
- Upplýsingum um skólafarfið er m.a. miðlað með mánaðarlegu fréttabréfi þar sem skólasamfélagið er ávarpað.
- Í ársskýrslu, sem birt er á heimasíðu skólans, er að finna úttektir allra teyma og yfirferð yfir starfið á skólaárinu og hvernig til hefur tekist miðað við stefnu skólans.
- Starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt og stjórnendur sjá um að ferli um samskipti og lausn ágreiningsmála séu skýr og virki.
- Heimasíða skólans er virk og inniheldur margvíslegar og hagnýtar upplýsingar.
- Samkvæmt könnun Skólapúls eru foreldrar ánægðir með líðan barna sinna í skólanum.
- Nýir kennarar finna mikinn stuðning af því að vinna í teyllum með sér reyndari kennurum.
- Í starfsáætlun liggur fyrir fundaaætlun alls starfsfólks og í grófum dráttum hver verða viðfangsefni, oft með viðmiðum í umbótaáætlun skólans.

Tækifæri til umbóta

- Stjórnendur þurfa að halda sérstöðu skólans betur á lofti þar sem starfið og aðstæður eru í mörgu frábrugðnar því sem hefðbundið er og geta því valdið óöryggi og misskilningi.
- Ungur aldur Naustahverfis og ör uppbygging er áskorun fyrir skólann varðandi þá hugsjón að skólinn verði e.k. miðstöð í hverfinu.
- Samkvæmt niðurstöðum foreldrakönnunar Skólapúlsins virðast foreldrar ekki fyllilega ánægðir með stjórn skólans og hafa áhyggjur af agamálum.
- Skólaráð haldi einn opinn fund á skólaári fyrir skólasamfélagið.
- Halda þyrfti betur utan um form bekkjarfunda og til hvers þeir eru notaðir.
- Til að veita haldbetri endurgjöf á störf kennara þyrftu stjórnendur að fylgjast markvissar með kennslu á vettvangi.
- Gæta þarf þess að kennarar hafi tíma til að bera ábyrgð á verkefnum.

Þáttur 2 – Nám og kennsla

| | | | | | |
|-------------------|--------------|--------------|---------------|------------|--------------------|
| Inntak og námskrá | Árangur náms | Gæði kennslu | Skipulag náms | Námsvitund | Ábyrgð og þátttaka |
|-------------------|--------------|--------------|---------------|------------|--------------------|

2.1 Inntak og námskrá

Skólafestna Akureyrar er frá árinu 2006. Þegar skólinn var stofnaður haustið 2009 var stefnan hans mótuð í samvinnu við foreldra og byggir hún á skólafestnu Akureyrar. Áherslur í stefnu skólans voru endurskoðaðar skólaárið 2013-2014 með hliðsjón af nýrri aðalnámskrá. Í stefnunni er lögð áhersla á fjölbreytta kennsluhætti og námsaðlögun, aldursblöndun og teymiskennslu. Sérstök áhersla er lögð á námsaðlögun, athvarf, umhyggju og virðingu, samvinnu, táp og fjör og að allir séu með. Þessar áherslur eru vel sýnilegar á vef og í opnu rými skólans.

Starfsmenn starfa allir í teyrum en þá er lögð áhersla á að teymin starfi sameiginlega að verkefnum og deili ábyrgð. Nemendum í 2. og 3. bekk, 4. og 5. bekk, 6. og 7. bekk og 8.-10 bekk er kennt í aldursblönduðum hópum til að leggja áherslu á að allir eru einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stöðum í náminu. Öllum nemendum er kennt í opnum rýmum. Mikil umræða hefur farið fram í skólanum um aldursblöndun nemenda og hvort umsjónarhópar þurfi líka að vera aldursblandaðir. Niðurstaða þeirra vinnu sem fram fór á síðasta skólaári var að þó umsjónarhópar séu í einhverjum tilfellum árgangaskiptir sé mikilvægt að halda í teymiskennsluna og að árgangaskipting eigi einungis við í ákveðnum tilfellum.

Námsvísar endurspegla áherslur stjórnvalda svo sem um hæfniviðmið í aðalnámskrá grunnskóla. Þeir eru aðgengilegir nemendum og foreldrum í Mentor og Google classroom og á opnum vef skólans.

Í einstaklingsáætlunum um sérstakan stuðning við nemendur kemur fram hvernig tilhögun og framkvæmd stuðnings er hverju sinni en það ekki er tilgreint í námsvísunum. Gott væri að bæta því við vegna nemenda sem þurfa tilhliðranir. Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer fram innan námsumhverfis nemenda á almennum kennslusvæðum og er hann skipulagður með einstaklingsáætlun. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólafestinu. Í stefnu skólans er gerð grein fyrir áherslum varðandi námsaðlögun, en það byggir á því að námið sé aðlagð að getu nemenda með auknum sveigjanleika, fjölbreyttu námsmati, fjölbreyttum verkefnum en að allir nemendur vinni að mestu að sömu verkefnum. Þá er lögð áhersla á val nemenda milli mismunandi leiða í námi.

2.2. Árangur náms

Akureyrarkaupstaður leggur áherslu á að frammistaða og vinnusemi nemenda sé metin á kerfisbundinn hátt. Í Naustaskóla er fylgst með árangri nemenda í skólanum og er hverjum kennara gert að fylgjast með og skrá framfarir. Megináhersla hefur verið lögð á leiðsagnarmat og að námsmat skuli vera fjölbreytt og hvetjandi. Ein af leiðum Naustaskóla er að nýta möppumat þar sem verkefnum og ýmsum gögnum nemenda í öllum námsgreinum er safnað saman í möppu. Þá er mappan meðal annars nýtt til ígrundunar á verkefnum og sem stuðningur við nám nemenda og í viðtölum við foreldra. Við lok grunnskólagöngu fá nemendur möppur sínar afhendar og mynda þær þá heildstætt yfirlit yfir nám nemandans alla grunnskólagönguna. Ekki er gerð grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.


Líðan nemenda er könnuð í Skólapúlsi en þar kemur meðal annars fram að nemendur í Naustaskóla mælast undir landsmeðaltali í þættinum vellíðan. Hinsvegar kemur einnig fram í könnun Skólapúls á viðhorfum foreldra að jákvætt viðhorf þeirra á líðan nemenda er yfir landsmeðaltali.

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.


Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa.

4. bekkur




Árangur nemenda 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku hefur verið undir landsmeðaltali undanfarin ár en við síðustu mælingu batnaði hann og var við meðaltalið. Árangur í stærðfræði var rétt yfir landsmeðaltali 2016 en hefur dalað og mældist nokkuð undir meðaltali við síðustu mælingu 2018.

7. bekkur




Árangur 7. bekkjar í íslensku var við landsmeðaltal en dalaði töluvert 2016 en batnaði svo aftur og var yfir meðaltali við síðustu mælingu 2018. Árangur í stærðfræði hefur verið nokkuð yfir meðaltali en dalaði verulega 2017 og mældist rétt við meðaltal í síðustu mælingu 2018.

9. bekkur




Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var undir landsmeðaltali í öllum metnum fögum. Bestur var árangurinn í stærðfræði.

10. bekkur



Árangur í 10. bekk hefur verið að batna í öllum greinum. Síðustu mælingar á árangri í 10. bekk voru 2017. Þá er staða nemenda skólans í íslensku og stærðfræði nokkuð undir landsmeðaltali og í ensku við meðaltal.




Þegar árangri árganga í íslensku er fylgt eftir sést að það er tilhneiging að árangur breytist lítið eða dali að einhverju leyti og sé undir landsmeðaltali. Þegar árangur árganga í stærðfræði er skoðaður þá eru flestir undir landsmeðaltalinu í öllum prófum líkt og í íslensku. Þó eru nokkrir árgangar sem skera sig úr þar sem árangur batnar mikið á milli mælinga í 4. bekk og 7. bekk og fara yfir landsmeðaltal.

Lesferill

Naustaskóli notar matsækið Lesferil þar sem meðal annars er fylgst með lesfimi nemenda. Meðaltal lesinna orða nemenda var í september 2018 um landsmeðaltal.

Fyrirlögn sept. 2018, Naustaskóli




Vinstri myndin sýnir leshraða árganga skólans, fremsta súlan er viðmið Menntamálastofnunar. Þegar hægri myndin er skoðuð sést að meðaltal lesinna orða nemenda skólans, bláa línan er yfirleitt um landsmeðaltal, rauðu línuna.

2.3 Gæði kennslu

Matsmenn voru á vettvangi í 30 kennslustundum, hjá öllum námshópum og flestum kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum. Stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg í vettvangsathugunum og kennarar sýndu almennt fagmennsku og kennslufræðilega hæfni. Kennarar eru þó ekki að nýta að fullu að það svigrúm til nýbreytni í kennsluháttum sem felst í stefnu skólans og námsaðstæðum.

Mikið var um blandaða kennsluhætti þar sem kennari kynnti viðfangsefni kennslustundar og nemendur hófu vinnu á mismunandi vegu svo sem með lausnaleit eða samvinnunámi. Í 40% kennslustunda var kennari þó fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum og unnið var í vinnubókum. Í 13% kennslustunda var kennari einungis leiðbeinandi og nemandinn í forgrunni þar sem kennslustundir voru skipulagðar þannig að nemendur hefðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða hafa bein áhrif á framgang eigin náms.



Skipulag kennslu og verkefna er gott en nýta mætti betur námstíma nemenda. Nokkuð er um að nemendur mæti seint í kennslustundir. Þá þarf að skipuleggja betur tíma milli íþróttar og sundtíma og annarra kennslustunda, en brögð voru að því að nemendur kæmu of seint í kennslustundir eftir íþróttir og sund.

Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna í upphafi kennslustunda og nemendur á unglíngastigi hafa aðgang að áætlunum og markmiðum verkefna á Google classroom og Mentor. Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum. Í einstaklingsnámskrám skólans er gerð grein fyrir tilhögun stuðnings einstakra nemenda eða nemendahópa en ekki er gerð grein fyrir námsaðlögun í almennum kennsluáætlunum kennara. Nemendur fá að vinna á sínum hraða og eru hvattir til að halda áfram hafi þeir lokið námsmarkmiðum sínum. Sem dæmi fá nemendur sem hafa lokið námsmarkmiðum yngsta stigs í stærðfræði að fara í námsmarkmið miðstigs.

2.4 Skipulag náms

Skólahúsnæði Naustaskóla er nýlegt og aðstaðan góð. Nemendur þurfa að sækja sundkennslu með rútu í sundlaug Akureyrar. Skólaárið 2018-2019 eru 401 nemandi sem stundar nám í skólanum og hefur nemendum fjölgað jafnt og þétt frá stofnun skólans.


Stefna skólans er meðal annars teymiskennsla og teymisvinna og starfa allir starfsmenn skólans í teyrum. Stjórnendur halda utan um teymin og eru skýrar starfsreglur um þá vinnu. Starfsmenn voru sammála um að þeir vildu vinna áfram í teyrum og það væri styðjandi fyrir kennara og þá sérstaklega nýja kennara.

Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum svo sem í Byrjendalæsi á yngsta stigi og verkgreinum á unglíngastigi. Vendikennslu er blandað saman við almenna kennslu í unglíngadeild og fara nemendur þá eftir áætlun sem kennari hefur gert fyrir nemendur en nemendur ákveða þó jafnan hvað þeir leggja áherslu á hverju sinni í vinnustundum.

Skólinn gæti nýtt betur samþættingu námsgreina á öllum skólastigum til nýsköpunar í kennsluháttum og styður stefna skólans um teymiskennslu, blöndun árganga og opin rými við þau tækifæri. Í þemavinnu á unglíngastigi var nemendum að mestu kennt með innlögn og vinnubókavinnu þegar matsmenn voru á vettvangi en tækifæri eru til meiri sköpunar og samþættingar þar.

Upplýsingatækni er eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis í grunnskólanum. Nemendur nýta UT á fjölbreyttan hátt í kennslustofunni við að afla sér þekkingar og leikni.

Í vettvangsathugun kom fram að nemendur vinna í rúmlega helmingi eða 57% kennslustunda í einstaklingsvinnu en í 23% kennslustunda eru í einstaklingsvinnu og að hluta til samvinnu. Í 20% kennslustunda voru nemendur í markvissri samvinnu við aðra nemendur. Skólahúsnæðið og stefna skólans styðja vel við að lögð yrði meiri áhersla á að þjálfra samvinnu nemenda.



Í skólanámskrá er lögð er áhersla á að nemendasamtöl séu reglulega þar sem umsjónarkennari ræðir um nám og líðan við hvern nemanda. Þessu er að mati kennara og nemenda ekki fylgt eftir með nægilega markvissum hætti. Nemendur vildu þó meina að þeir hefðu góðan aðgang að kennurum og gætu óskað eftir slíku.

Þegar námshópurinn er stór og rýmin opin þarf að huga sérstaklega að nemendum sem hafa tilhneigingu til að draga sig út úr hópnum og verða verklitlir og þá gjarnan í ákveðnu reiðuleysi.

2.5 Námsvitund

Nemendur voru almennt áhugasamir og virkir í kennslustundum en matsmönnum þótti nokkuð áberandi á öllum skólastigum að hluti nemenda skiluðu sér seint í kennslustundir. Nemendum voru ljós markmið með kennslustundum á öllum skólastigum og höfðu nemendur á unglingsstigi aðgang að markmiðum og ýmsu tengdu náminu á Google classroom. Til stendur að taka upp sambærilegt kerfi á miðstigi. Þá væri gott ef nemendur á öllum stigum settu sér reglulega sjálfir markmið í námi til að auka námsvitund þeirra.

Nemendur í 8.-10. bekk eiga kost á að velja sér námsgreinar í 22% af námstíma sínum. Hluti valgreina er kenndur innan skólans en hluti er kenndur í samstarfi við aðra skóla. Nemendur eiga einnig kost á að fá metið tómsundastarf og nám utan skóla. Valið er fjölbreytt og áhugavert.

Í rýmihópaviðtölum við nemendur kom fram að þeir virtust almennt sáttir við kostina sem í boði voru en óánægðir með fjöldatakmarkanir innan valgreina, ef þeir kæmust ekki að í þá valgrein sem þeir kysu væru þeir settir í eitthvað annað. Þeir sögðust sakna vals um áhugasvið sem var einu sinni valkostur en þar höfðu þeir meira val um hvað þeir vildu gera.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Þá var það sérstaklega áberandi hve samskipti milli starfsmanna og nemenda voru góð.

Haldnir eru bekkjarfundir einu sinni til tvisvar í viku í öllum árgöngum og hafa nemendur þá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Nemendur fá einnig tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að varðandi virkni, líðan, heilsu og skóla- og bekkjaranda með þátttöku í Skólapúlси.

Nemendur hafa undanfarin ár átt fulltrúa í skólaráði og hefur skipulag varðandi skólaráð verið til fyrirmyndar.

Styrkleikar

- Starfsmenn starfa allir í teyrum og er lögð áhersla á að teymin starfi sameiginlega að verkefnum og deili ábyrgð.
- Nemendum er almennt kennt í aldursblönduðum hópum til að leggja áherslu á að allir eru einstakir og að það sé eðlilegt að nemendur séu á mismunandi stað í námi.
- Námsvísar eru aðgengilegir nemendum og foreldrum í Mentor og Google classroom og á opnum vef skólans.
- Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer fram innan námsumhverfis nemenda á almennum kennslusvæðum.
- Námsmat er fjölbreytt.

- Markmið og námsgögn nemenda á unglingsstigi eru á Google classroom.
- Góð námsaðstaða er í skólahúsnæðinu.
- Vendikennslu er blandað saman við almenna kennslu.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.

Tækifæri til umbóta

- Námsaðlögun þyrfti að koma betur fram í námsvísunum.
- Gera þyrfti grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum í skólanámskrá.
- Skipuleggja þarf betur tíma milli íþróttakennslu/sund og annarra kennslustunda svo tími nemenda nýtist betur.
- Skólinn gæti nýtt betur samþættingu námsgreina á öllum skólastigum til nýsköpunar í kennsluháttum og styður stefna skólans um opin rými við þau tækifæri.
- Tækifæri eru til markvissrar þjálfunar á samvinnu nemenda.
- Nemendasamtöl, þar sem kennari ræðir við nemendur um nám og líðan þyrftu að vera regluleg.
- Huga þarf betur að nemendum sem hafa tilhneigingu til að draga sig út úr hópnum og verða verklitlir og þá gjarnan í ákveðnu reiðuleysi.
- Leggja þarf meiri áherslu á stundvísi.
- Koma á eigin markmiðssetningu í námi hjá öllum nemendum skólans.

Þáttur 3 – Innra mat

| | | |
|----------|-----------|---------|
| Skipulag | Framkvæmd | Umbætur |
|----------|-----------|---------|

3.1 Skipulag

Í Naustaskóla er litið á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan og sjálfsagðan þátt í skólastarfinu. Kennarar og starfsfólk skólans vinnur í teyrum þar sem reglulega fer framumræða um viðfangsefnin. Hvert teymi metur í lok skólaárs hvernig til hefur tekist í helstu þáttum skólastarfsins og eru niðurstöður settar fram í ársskýrslu skólans ásamt umbótatillögum. Val matsþátta byggir á stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum. Umbótatillögur fara síðan í starfsáætlun þar sem skráð er hver ber ábyrgð á því að hrinda þeim í framkvæmd, hvenær það á að gerast, hvernig og með þátttöku hverra.

Auk mats teymanna á stöðu starfsins miðað við stefnu skólans er stuðst við ýmis gögn sem safnað er allan veturinn. Í ársskýrslu er svo birt uppgjör á umbótatillögum ársins á undan þar sem metið er hvernig til hefur tekist. Mat á kennslu og fagmennsku kennara þyrfti einnig að vera reglulegt, svo sem með mati skólastjóra á kennslu og/eða jafningjamati kennara. Fyrir liggja áætlanir um innra mat bæði til lengri og skemmri tíma.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda skólans en allir starfsmenn skólans, eða teymi þeirra, koma að matinu með beinum hætti. Byggðar hafa verið upp gagnaöflunarleiðir sem hæfa þörfum skólans og innra mat byggir á margvíslegum upplýsingum og fjölbreyttum aðferðum. Næsta skref í þróun innra mats ætti að vera myndun teymis með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra sem bæri ábyrgð á innra mati ásamt stjórnendum skólans þannig að allir hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Þá er gott að endurskoða reglulega og ígrunda aðferðir og reynslu af innra mati og skrá.

3.3 Umbætur

Í starfsáætlun skólans, sem er hluti skólanámskrár, kemur fram hverjar eru umbótatillögur skólaársins 2018-2019 og þar kemur einnig fram hvaða matsgögn eru lögð til grundvallar. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta og einnig að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst. Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni fylgt eftir. Þó kom fram hjá skólastjóra að eftirfylgd mætti vera meiri. Þegar niðurstöður mats liggja fyrir þyrftu hagsmunaaðilar að ræða saman um þróun og umbætur. Endurmenntunaráætlun byggir á áherslum úr mati og á áherslum skólans.

Greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans, í starfsáætlunum og ársskýrslum.

Styrkleikar

- Litið er á innra mat og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægan og sjálfsagðan þátt í skólastarfinu.
- Kennarar og starfsfólk skólans vinnur í teyllum þar sem reglulega fer fram umræða um viðfangsefnin.
- Tímasett áætlun um umbætur er gerð og henni fylgt eftir.
- Umbótatillögur eru birtar í starfsáætlun þar sem skráð er hver ber ábyrgð á því að hrinda þeim í framkvæmd, hvenær það á að gerast, hvernig og með þátttöku hverra.
- Í ársskýrslu er birt uppgjör á umbótatillögum ársins á undan þar sem metið er hvernig til hefur tekist.
- Greinargerðir sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur eru öllum aðgengilegar á heimasíðu skólans, í starfsáætlunum og ársskýrslum.
- Símenntunaráætlun byggir á áherslum úr mati og á áherslum skólans.

Tækifæri til umbóta

- Mat á kennslu og fagmennsku kennara þyrfti að vera reglulegt, svo sem með mati skólastjóra á kennslu og jafningjamati kennara.
- Þegar niðurstöður mats liggja fyrir þyrftu hagsmunaaðilar að ræða saman um þróun og umbætur.
- Næsta skref í þróun innra mats ætti að vera myndun teymis með fulltrúum starfsfólks, nemenda og foreldra sem bæru ábyrgð á innra mati ásamt stjórnendum þannig að allir hagsmunaaðilar skólastarfsins geti haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.
- Eftirfylgd með umbótatillögum mætti vera meiri.